

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 25. júní 1974****um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi baksýnispepla á landbúnaðardráttarvélum á hjólum****(74/346/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum, geti átt við allar gerðir dráttarvéla.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

*1. gr.*með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

1. Með „landbúnaðardráttarvél“ er átt við vélknúð ökutæki á hjólum eða beltum, sem hefur að minnsta kosti tvo ása og er notagildi þess aðallega fólgið í dráttaraflinu þar sem það er sérstaklega hannað til þess að draga, ýta, flytja eða knýja ákveðnar vélar, verkfæri eða eftirvagna til notkunar í landbúnaði. Það getur verið útbúið fyrir farm- og fólksflutninga.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Meðal tæknilegra krafna sem dráttarvélar verða að uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða baksýnispepla.

2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. málsgrein og hafa loftfyllta hjólbarða, tvo ása og eru hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 6 til 25 km/klst.

2. gr.

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu kröfur, annaðhvort til viðbótar eða í stað gildandi reglna, einkum til þess að EBE-gerðarviðurkenningin, sem var viðfangsefni tilskipunar ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 ⁽³⁾ um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi

Aðildarríkjum er óheimilt að neita að veita EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvél af ástæðum sem varða baksýnispepla ef þeim kröfum sem nefndar eru í viðaukanum er fullnægt.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 28, 17. 2. 1967, bls. 462/67.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. 42, 7. 3. 1967, bls. 620/67.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

3. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að banna sölu dráttarvélar eða að hún sé skráð, tekin í notkun eða notuð, af ástæðum sem tengjast baksýnispeglum ef þeim kröfum sem nefndar eru í viðaukanum er fullnægt.

4. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur viðaukans að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar ráðsins 74/150/EBE.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari innan 18 mánaða frá birtingu

hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 25. júní 1974.

Fyrir hönd ráðsins,

H. D. GENSCHER

forseti.

VIDAUKI

1. SKILGREININGAR
 - 1.1. Með „baksýnispegli“ er átt við búnað sem veitir góða útsýn að baki innan sjónsviðs sem er rúmfræðilega skilgreint í lið 2.5. hér á eftir, og sem íhlutar dráttarvélarinnar eða ökumaður eða farþegar skyggja ekki á.
 - 1.2. Með „innri baksýnispeglum“ er átt við búnað eins og þann sem skilgreindur er í lið 1.1 og er komið fyrir inni í stýrishúsi dráttarvélar.
 - 1.3. Með „ytri baksýnispeglum“ er átt við búnað eins og þann sem skilgreindur er í lið 1.1 og er settur upp einhvers staðar utan á dráttarvélinni.
 - 1.4. Með „tegund baksýnispegla“ er átt við alla baksýnispegla sem hafa einn eða fleiri sameiginlega eiginleika eða hlutverk. Innri baksýnispeglar eru flokkaðir í tegund I, ytri baksýnispeglar í tegund II.
2. KRÖFUR UM ÁFESTINGU BAKSÝNISPEGLA
 - 2.1. **Almennt**
 - 2.1.1. Dráttarvélar mega hafa bæði tegund I og tegund II af baksýnispeglum sem bera EBE-gerðarviðurkenningarmerkið sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 71/127/EBE ⁽¹⁾ frá 1. mars 1971 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi baksýnispegla á vélknúnum ökutækjum, eins og henni var breytt með aðildarlögunum ⁽²⁾.
 - 2.1.2. Baksýnispeglar skulu festir þannig að þeir haldist stöðugir við venjuleg akstursskilyrði.
 - 2.2. **Fjöldi**

Allar dráttarvélar eiga að vera útbúnar a.m.k. einum ytri baksýnispegli sem komið er fyrir á vinstri hlið dráttarvélarinnar í aðildarríkjum með hægri umferð og á hægri hlið dráttarvélarinnar í aðildarríkjum með vinstri umferð.
 - 2.3. **Staðsetning**
 - 2.3.1. Ytri baksýnispegil á að staðsetja þannig að ökumaður sjái vel yfir þann hluta vegarins sem skilgreindur er í lið 2.5 þegar hann situr í öikumannssætinu í eðlilegri akstursstöðu.
 - 2.3.2. Ytri baksýnispegill verður að sjást í gegnum þann hluta framrúðunnar sem rúðupurrkan hreinsar, eða í gegnum hliðarrúður ef þær eru í dráttarvélinni.
 - 2.3.3. Baksýnispegill má ekki standa út fyrir utanverða yfirbyggingu dráttarvélarinnar eða dráttarvélinna ásamt eftirvagni meira en svo að það sjónsvið sem um getur í lið 2.5 haldist.
 - 2.3.4. Þegar neðri brún ytri baksýnispegils er innan við 2 metra frá jörðu, þegar dráttarvélin er hlaðin, má ytri baksýnispegillinn ekki standa meira en 0,20 metra út fyrir heildarbreidd dráttarvélarinnar eða dráttarvélarinnar ásamt eftirvagni sem mæld er án baksýnispegla.
 - 2.3.5. Með þeim skilyrðum sem sett eru fram í liðum 2.3.3 og 2.3.4 mega baksýnispeglar standa út fyrir leyfilega hámarksbreidd dráttarvéla.
 - 2.4. **Stilling**
 - 2.4.1. Ökumaður skal geta stillt innri baksýnispegla úr akstursstöðu.
 - 2.4.2. Ökumaður skal geta stillt ytri baksýnispegla innan frá. Þó skal vera hægt að festa speglana í réttari stöðu utan frá.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 68, 22. 3. 1971, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 73, 27. 3. 1972, bls. 14.

2.4.3. Þær kröfur sem settar eru fram í lið 2.4.2 gilda ekki um ytri baksýnispegla sem fara sjálfkrafa í upphafsstillingu eftir að hafa færst úr stað eða hægt er að setja aftur í upphafsstillingu án verkfæra.

2.5. **Sjónsvið**

2.5.1. *Aðildarríki með hægri umferð*

Sjónsvið ytri baksýnispegils á vinstri hönd þarf að vera þannig að ökumaður geti séð aftur fyrir sig, í það minnsta sléttan vegarhluta út að sjóndeildarhring vinstra megin við plan sem liggur samsíða lóðréttu lengdarmiðjuplaní í gegnum ysta punkt vinstra megin á dráttarvélinni eða dráttarvél ásamt eftirvagni.

2.5.2. *Aðildarríki með vinstri umferð*

Sjónsvið ytri baksýnispegils á hægri hönd þarf að vera þannig að ökumaður geti séð aftur fyrir sig, í það minnsta sléttan vegarhluta út að sjóndeildarhring hægra megin við plan sem liggur samsíða lóðréttu lengdarmiðjuplaní í gegnum ysta punkt hægra megin á dráttarvélinni eða dráttarvél ásamt eftirvagni.
